

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 215/2013**

2014/EES/29/03

frá 13. desember 2013

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/213/ESB frá 29. apríl 2013 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar samþykki fyrir landsráðstöfunum til að koma í veg fyrir að herpesveira 1 μvar í ostrum (OsHV-1 μvar) berist til tiltekinna svæða við Írland og í Breska konungsríkinu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 D 0213:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/213/ESB frá 29. apríl 2013 (Stjtið. ESB L 120, 1.5.2013, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/213/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Dórir Ibsen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 120, 1.5.2013, bls. 16.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.